

Eftirlit - F-gös í einnota umbúðum

Dagsetning	23.4.2024
Fyrirtæki	Kemi ehf.
Heimilisfang	Tunguhálsi 10, 110 Reykjavík
Kennitala	6401942439
Starfsemi	Heildverslun með efnavörur
Eftirlitsstaður	Rafrænt / Sölusíða Kemi og Poulsen
Fulltrúi fyrirtækis á vettvangi	Á ekki við
Eftirlitsmaður	Bergdís Björk Bæringsdóttir og Ísak Sigurjón Bragason
Tegund eftirlits	Efnaeftirlit
Tengiliður fyrirtækis	

SAMANTEKT

Umhverfisstofnun fór í rafrænt eftirlit með flúoruðum gróðurhúsalofttegundum hjá Kemi ehf. þann 23.4.2024 á heimasíðum fyrirtækisins; kemi.is og poulsen.is. Ástæða þess var sú að stofnunin varð þess áskynja að boðinn væri til sölu kælimiðill í einnota íláti til áfyllingar í loftræstingar bifreiða sem ekki stæðist kröfur efnalaga nr. 61/2013.

Við athugun á vefsíðunum Kemi og Poulsen, sem báðar eru í eigu Kemi ehf., fannst sama varan til sölu sem óheimilt er að markaðssetja. Nánari umfjöllun og lýsingu á frávikum má nálgast aftar í þessari skýrslu.

UMFANG EFTIRLITS

Umhverfisstofnun hefur yfirumsjón með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013 og ber að hafa eftirlit með meðferð og markaðssetningu efna, efnablandna og hluta sem falla undir lögin, sbr. 2. tl. 1. mgr. 5. gr. laganna. Stofnunin fór í rafrænt eftirlit hjá Kemi ehf. þann 23.4.2024 á heimasíðum fyrirtækisins; kemi.is og poulsen.is. Markmið þess var að skoða hvort fyrirtækið markaðssetti flúoraðar gróðurhúsalofttegundir (F-gös) sem kælimiðill í einnota ílátum.

Reglugerð nr. 1066/2019 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir¹, sem sett er með stoð í efnalögum og innleiðir reglugerð (ESB) nr. 517/2014² um sama efni, kveður á um takmörkun á losun, notkun og meðhöndlun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda ásamt lekaleit,

¹ Samsett reglugerð nr. 1066/2019 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, með tenglum á þýðingar innleiddra gerða Evrópusambandsins, á vef Umhverfisstofnunar: <http://umhverfisstofnun.is/library/Skrar/Atvinnulif/Efni/Fluor-GHL/samsett-reglugerd-nr-1066-2019.html>

² Íslensk þýðing reglugerðar (ESB) nr. 517/2014 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir á vef EFTA: <https://www.efta.int/sites/default/files/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/translated-acts/icelandic/i32014R0517.pdf>

skráningu, setningu þeirra á markað og merkingar. Reglugerðin gildir einnig um menntun og hæfni starfsmanna sem meðhöndla flúoraðar gróðurhúsalofttegundir ásamt kröfum um þjálfun og vottun starfsmanna og fyrirtækja.

Til F-gasa teljast vetnisflúorkolefni, perflúorkolefni, brennisteinshexaflúoríð og aðrar gróðurhúsalofttegundir sem innihalda flúor og eru skráðar í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 517/2014. Blöndur sem innihalda einhver þessara efna teljast jafnframt til F-gasa.

Magn vetnisflúorkolefna sem heimilt er að setja á markað á ári hverju er takmarkað sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 1066/2019. Umhverfisstofnun úthlutar innflutningsheimildum vegna efnanna ár hvert og er útreikningur og úthlutunin bundin við kennitölu einstaklings eða lögaðila sem við á, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 1066/2019. Einungis þeim sama hafa innflutningsheimildir sem úthlutað hefur verið í samræmi við framangreint eða verið framseldar til þeirra í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 1066/2019 er heimilt að flytja inn vetnisflúorkolefni.

Flúoraðar gróðurhúsalofttegundir sem fluttar hafa verið inn með löglegum hætti er einungis heimilt að afhenda rekstraraðilum F-gasa ef viðkomandi starfsmenn þeirra hafi hlotið vottun, sbr. 5. gr. og 7. gr. reglugerðar nr. 1066/2019.

Um takmarkanir á setningu á markað er fjallað í 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014 en þar segir meðal annars að setning á markað á vörum og búnaði sem talin eru upp í III. viðauka við sömu reglugerð skuli vera bönnuð frá þeirri dagsetningu sem tilgreind er fyrir viðkomandi vörur eða búnað í viðaukanum. Í 1. lið viðaukans er kveðið á um bann við sölu einnota íláta fyrir F-gös sem notuð eru til að þjónusta, viðhalda eða fylla á kæli-, loftræsti, eða varmadælubúnað, brunavarnarkerfi eða rofbúnað, eða til notkunar sem leysar. Bannið sem um ræðir tók gildi 4. júlí 2007.

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eftirtalinn vara sem féll undir umfang eftirlitsins var skoðuð:

Vara	Vörunúmer
EZ Chill Auto A/C Recharge R-134a (550 g)	102 mac134

Um er að ræða vöru sem inniheldur 1,1,1,2-tetraflúoróetan (HFC-134a, R-134a) í einnota málmhylkjum með þrýstimæli og gúmmíslöngu. Varan er markaðsett sem áfylling á kælikerfi bíla til að endurnýja kælimiðilinn sem er á bílnum. Á vefsíðum kemur fram að varan er um 550 grömm með 530 mL magni og að framleiðandi vörunnar er A/C Pro. Að auki fylgir myndband sem sýnir hvernig skal nota vöruna til áfyllinga.

Efnið R-134a tilheyrir flokki vetnisflúorkolefna og er skráð í 1. þætti I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 517/2014 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og heyrir því til F-gasa og fellur undir gildissvið reglugerðar nr. 1066/2019.

FRÁVIK³

Eftirfarandi frávik fundust við skoðun vörunnar:

1. Sala F-gasa í einnota ílátum er bönnuð skv. 1. mgr. 11. gr. og 1. ákvæði III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 517/2014 sem innleidd er í íslenskan rétt í reglugerð nr. 1066/2019 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og hefur verið síðan 4. júlí 2007. Úrbætur eru því ekki mögulegar þar sem markaðssetningin hefur verið ólögleg um árabíl.
2. Efnið 1,1,1,2-tetraflúoróetan (HFC-134a, R-134a) er háð innflutningsheimildum og hefur fallið undir slíkar innflutningstakmarkanir síðan 1. janúar 2019. Óheimilt er að flytja inn vetnisflúorkolefni nema að lögaðili eða einstaklingur hafi fengið úthlutað innflutningsheimildir frá Umhverfisstofnun, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 1066/2019, eða fengið slíkar heimildir með framsali sbr. 11. gr. sömu reglugerðar. Kemi ehf. hefur ekki haft innflutningsheimildir frá því að kvótakerfið tók gildi í ársbyrjun 2019.
3. Óheimilt er að afhenda F-gös nema til viðkomandi rekstraraðila sem hafa starfsmenn sem hlotið hafa vottun, sbr. 5. gr. og 7. gr. reglugerðar nr. 1066/2019. Á heimasíðu er hægt að panta vöruna án þess að fylla út að viðkomandi hafi tilskilinn réttindi til að meðhöndla gasið og er síðan aðgengileg almenningi.

ÁBENDINGAR

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á því að innflutningur F-gasa er enn fremur háður sérstökum skatti frá 1. janúar 2020, sbr. 13. gr. laga um umhverfis- og auðlindaskatta nr. 129/2009 með síðari breytingum. Hafi efnin sem um ræðir verið flutt inn á öðru tollnúmeri en 2903.4512, sem er viðeigandi fyrir 1,1,1,2- tetraflúoróetan (HFC-134a), er það brot á framangreindum lögum.

Til viðbótar við allt framangreint skulu allir innflytjendur og söluaðilar halda skrá yfir allan innflutning og sölu F-gasa og vara sem innihalda slík gös. Þessum upplýsingum ber að skila til Umhverfisstofnunar ár hvert fyrir 1. mars fyrir undangengið almanaksár, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 1066/2019 og 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014.

Reykjavík, 29.4.2024

Bergdís Björk Bæringsdóttir

³ Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í lögum eða reglugerðum